



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

postur@uar.is

Reykjavík, 15. nóvember 2018

Tilvísun: 201811-0032

Umsögn um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030, 1. útgáfa

Alþýðusamband Íslands fagnar aðgerðaráætluninni og telur að markmið hennar geti verið góður grunnur, í samvinnu við hagsmunaaðila, að vinna markvisst að því að stuðla að minnkun losunar og aukinnar kolefnisbindingar.

Neikvæð áhrif loftlagsbreytinga af mannavöldum fyrir komandi kynslóðir eru uggvænlegar. Breytingar á umhverfi okkar hafa nú þegar víðtæk áhrif á efnahags- og atvinnulíf til framtíðar og á líf skjör almennings. Nýlega birti Hagstofa Íslands (7. nóvember 2018) samantekt þar sem fram kemur að Ísland var með mesta losun koltvísýrings (CO₂) frá hagkerfi á einstakling innan ESB og EFTA svæðisins árið 2016. Það er ljóst að umhverfis- og loftlagsmál þarf að samþætta allri samfélagsumræðu og þekking er nauðsynleg í baráttunni gegn loflagsbreytingum. Forsendur breytinga er þátttaka og samvinna er þar getur verkalýðshreyfingin sem öflug fjöldahreyfing gegnt mikilvægu hlutverki í samvinnu við stjórnvöld og þá sem láta sig málið varða.

ASÍ vill benda á að mikilvægt sé að einstaklingar séu færir um að breyta neyslu sinni og hegðun. Hætta er þannig á að gjöld t.d. á olíu og bensín hafi neikvæðari áhrif á tekjulægri hópa sem síður eru í aðstöðu til að breyta hegðun sinni t.d. með rafbílavæðingu nema gripið verði til nauðsynlegra mótvægisáðgerða. Þannig eru innviðir fyrir rafbíla síður til staðar í fjölbýli og kostnaður við rafbíla enn hlutfallslega hár. Að sama skapi er þörf á að stórbæta almenningssamgöngur á Íslandi, gera þær hagkvæmari, stytta tíma og auka forgang. Ólíkt nágrannalöndum eru tekjulágir hópar oft ekki í aðstöðu til að nýta sér almenningssamgöngur og því háðir bílaeign.

Hjólreiðar eru eins umhverfisvænar og samgöngukostir verða. Vert er að hugleiða hvort ívilnanir ættu að ná til þeirra og sambærilegra kosta e.o. hlaupahjóla. Í aðgerðaráætluninni eru allar ívilnanir tengdar orkuskiptum fyrir bíla. Ívilnun fyrir umhverfisvænstu samgöngukostina gæti t.d. komið í formi þess að færa reiðhjól, rafhjól, hlaupahjól og hjólabretti í lægra þrep virðisaukaskatts og hækka frádráttarbæra samgöngustyrki.

Eins og fram hefur komið er losun koltvísýrings einstaklinga mikil á Íslandi og því nauðsynlegt að fara í aðgerðir til að breyta neyslúháttum landsmanna. Þekking er lykillinn að almennri þátttöku fólks í að takast á við breyttar aðstæður þar sem sjálfbærni og umhverfisvitund er höfð að leiðarljósi. Með aukinni umhverfis- og neytendavitund er hægt að efla sjálfbærar neysluvenjur og vinna að markvissum fyrirbyggjandi aðgerðum í nærumhverfinu.



Í aðgerðaráætluninni er lögð mikil áhersla á neysluvenjur almennings og ábyrgð einstaklinganna. ASÍ er sammála þeim áherslum en bendir um leið á að ábyrgð stjórnvalda og fyrirtækja er mikil. Þessir aðilar valda mestu um það hvernig til tekst við að minnka losun og auka kolefnisbindingu.

ASÍ telur brýnt að þessari fyrstu útgáfu aðgerðaráætlunarinnar verði fljótlega fylgt eftir með nýrri áætlun þar sem fram komi nánari greining á tímasetningum einstakra aðgerða, árangursmarkmiðum og kostnaði.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Drífa Snædal'. The signature is fluid and cursive.

Drífa Snædal

Forseti ASÍ